

Ed.

518. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Innan íslenzkrar landhelgi skulu veiðar með dragnótum hannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 1. júní og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, hannaðar allt árið. Þó er atvinnumálaráðherra heimilt, er sérstaklega stendur á, að veita þessum skipum leyfi til þessara veiða frá 1. okt. til 30. nóv. Heimilt er sýslunefnd eða bæjarstjórn, með samþykkt, er birta skal í Lögbirtingablaðinu, að hanna með öllu dragnótaveiðar innan afmarkaðra löggiltra hafnarsvæða í viðkomandi héraði.

2. gr.

Í 8. gr. laganna, á eftir orðunum „möskvastærð dragnóta“, bætist: lengd dráttarlína.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.